



## Fundur í sveitarstjórn

**74. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn fimmtudaginn 23. nóvember 2017 og hófst kl. 17:00.**

**Mætt voru:** Þorsteinn Ægir Egilsson oddviti, Reynir Atli Jónsson, Josteinn Hermundsson, Sóley Indriðadóttir, Björn Guðmundur Björnsson Karl Ásberg Steinsson, Steinunn Leósdóttir, Elías Pétursson og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Aðalbjörn Arnarsson tók sæti Björns Guðmundar Björnssonar kl. 17:35.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð.

Svo var ekki. Að því loknu var gengið til dagskrár.

### Dagskrá

- 1) Fundargerð 853. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 27. okt. 2017
- 2) Fundargerð 398. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands, dags. 25. október 2017
- 3) Fundargerð 6. fundar Velferðarnefndar dags. 10. nóvember 2017
  - a) Liður 1, Fristundastyrkir
  - b) Liður 2, Lýðheilsustefna (heilsueflandi samfélag) – tillaga um aðgerðir
  - c) Liður 3, Íbúðir fyrir aldraða – drög að reglum
- 4) Fundargerð 14. fundar atvinnu- og ferðamálanefndar, dags. 21. nóvember 2017
- 5) Fundargerð 29. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 22. nóvember 2017
- 6) Aðalfundur Eyþings 2017 dags. 10. og 11. nóvember
- 7) Innsent erindi: Halldór fiskvinnsla ehf., dags. 8. nóvember 2017
- 8) Innsent erindi: Landgræðslan, beiðni um styrk vegna samstarfsverkefnisins *Bændur græða landið*, dags. 13. nóvember 2017
- 9) Innsent erindi: Rekstraráætlun Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf. fyrir árið 2018
- 10) Innsent erindi: Safnahúsið á Húsavík – Menningarmiðstöð, fjárhagsáætlun 2018
- 11) Innsent erindi: Rekstraráætlun fyrir Héraðsnefnd Þingeyinga 2018
- 12) Innsent erindi: Bréf vegna hálkueyðingar, Aníta Dröfn Reimarsdóttir og Kristbjörn Hallgrímsson, dags. 16. nóvember 2017
- 13) Innsent erindi: Æfinga-, keppnissvæði fyrir skotípróttir, dags. 20. nóvember 2017
- 14) Innsent erindi: Beiðni um fjárstuðning við forvarnarstarf SAMAN-hópsins 2017
- 15) Innsent erindi: Aflið, styrkbeiðni dags. 20. nóvember 2017
- 16) Umboð sveitarstjóra vegna samkomulags um skiptingu lífeyrisskuldbindinga milli fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Langanesbyggðar
- 17) Skoðun á nýbyggingu íbúða með stofnframlögum til bygginga leiguíbúða
- 18) Nýbygging leikskóla, undirbúningsframkvæmdir
- 19) Nýbygging leikskóla
- 20) Viðaukar við fjárhagsáætlun 2017 – til kynningar
- 21) Útsvar í Langanesbyggð 2018



## 22) Gjaldskrár Langanesbyggðar 2018

- a) Samþykkt um gatnagerðargjöld, stofngjald fráveitu, byggingaleyfisgjald, gjöld vegna skipulagvinnu, afgreiðslu, þjónustugjöld og gjaldskrá vatnsveitu 2018
- b) Álagningarákvæði fasteignagjalda 2018
- c) Gjaldskrá slökkviliðs Langanesbyggðar
- d) Gjaldskrá grunn- og leikskóla Langanesbyggðar
- e) Gjaldskrá og reglur fyrir geymslusvæði í Langanesbyggð
- f) Reglur og gjaldskrá vegna sorphirðu á gámavöllum
- g) Gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Langanesbyggð
- h) Gjaldskrá fyrir almenna útleigu á Þórsveri
- i) Gjaldskrá fyrir almenna útleigu á húsnæði á Bakkafirði
- j) Gjaldskrá fyrir tjaldsvæði á Þórshöfn og á Bakkafirði

## 23) Fjárhagsáætlun 2018 – fyrri umræða

## 24) Skýrsla sveitarstjóra

### Fundargerð

#### 1. Fundargerð 853. fundar stjórnar Sambands íslenska sveitarfélaga, dags. 27. okt. 2017

Fundargerðin lögð fram.

#### 2. Fundargerð 398. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands, dags. 25. október 2017

Fundargerðin lögð fram ásamt bæklingi um hafnir, ástand og horfur hafna.

#### 3. Fundargerð 6. fundar Velferðarnefndar dags. 10. nóvember 2017

Fundargerðin lögð fram.

- a. Liður 1, Frístundastyrkir. Lögð fram tillaga að samþykkt um frístundastyrki 2018 ásamt greinargerð. Skv. tillögunum er gert ráð fyrir kr. 30.000 í frístundastyrki á árinu 2018 og styrkjum til hópa aldraðra og öryrkja.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að kynna málið fyrir sveitarstjórn Svalbarðshrepps með það í huga að Svalbarðshreppur taki þátt í verkefninu. Einnig er sveitarstjóra falið finna áætluðum kostnaði stað í fjárhagsáætlun fyrir 2. umræðu.

Samþykkt samhljóða.

- b. Liður 2, Lýðheilsustefna (heilsueflandi samfélag) – tillaga um aðgerðir. Lögð fram tillaga velferðarnefndar um undirbúning að mótun stefnu um lýðheilsu í Langanesbyggð. Gert er ráð fyrir kr. 500.000 til verkefnisins á næsta ári.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og felur velferðarnefnd að koma með tillögur um næstu skref. Einnig samþykkt að taka áætlaðan kostnað inn í fjárhagsáætlun fyrir 2. umræðu.



Samþykkt samhljóða.

- c. Liður 3. Íbúðir fyrir aldraða – drög að reglum. Tillaga frá velferðarnefnd um reglur varðandi úthlutun íbúða aldraðra.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ljúka málinu og birta reglurnar á heimasíðu sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða.

#### 4. Fundargerð 13. fundar atvinnu- og ferðamálanefndar, dags. 21. nóvember 2017

Fundargerðin lögð fram.

#### 5. Fundargerð aukafundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 22. nóvember 2017

Fundargerðin lögð fram.

- a. Liður 2. Umsóknir um stöðuleyfi. Lagðar fram 11 umsóknir um stöðuleyfi fyrir gáma o.fl.

Nefndin samþykkir samhljóða framlagðar umsóknir til eins árs. Enn fremur samþykkir nefndin að beina því til sveitarstjórnar að samdar verði reglur er varða stöðuleyfi og gjaldtöku fyrir slíkar heimildir í sveitarfélaginu.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og felur sveitarstjóra að vinna drög að reglum er varða stöðuleyfi og gjaldtöku fyrir slíkar heimildir í sveitarfélaginu.

Til máls tóku: Steinunn Leósdóttir, Elías Pétursson.

Samþykkt samhljóða.

- b. Liður 3. Önnur mál, i. Umsögn um rekstrarleyfi. Fram er lögð beiðni um umsögn vegna umsóknar Lyngholts ehf. um rekstrarleyfi fyrir rekstur gististaðar án veitinga að Fjarðarvegi 12 (Þórshamri). Samþykkt samhljóða að mæla með framlagðri umsókn svo fremi að hún uppfylli öll skilyrði að öðru leyti.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir fyrir sitt leiti umsókn um rekstrarleyfi til eins árs.

Samþykkt samhljóða.

#### 6. Aðalfundur Eyþings 2017 dags. 10. og 11. nóvember 2017

Ályktun aðalfundar Eyþings, skýrsla stjórnar frá aðalfundinum ásamt dagskrá lögð fram.

Til máls tók Elías Pétursson.

#### 7. Innsent erindi: Halldór fiskvinnsla ehf., dags 8. nóvember 2017



Erindi frá Halldóri fiskvinnslu ehf. lagt fram til kynningar.

Til máls tók Björn Guðmundur Björnsson og lagði fram svohljóðandi bókun U-listans: U-listinn leggur til að sveitarstjóri og meirihluti sveitarstjórnar leiti lausna fyrir hjallasvæðið á Bakkafirði. Afar slæmt er þegar verið er að vinna að uppbyggingu Bakkafjarðar og á sama tíma er verið að leggja niður athafnasvæði á vegum fyrirtækja á staðnum án þess að finna lausnir.

Til máls tók Elías Pétursson.

**8. Landgræðslan, beiðni um styrk vegna samstarfsverkefnisins *Bændur græða landið*, dags. 13. nóvember 2017**

Farið er fram á. 40.000 kr. styrk til verkefnisins, en í Langanesbyggð eru fjórir virkir bændur í verkefninu.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 40.000,- Samþykkt samhljóða.

**9. Innsent erindi: Rekstraráætlun Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf. fyrir árið 2018**

Rekstraráætlun Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga fyrir árið 2018, lögð fram.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn samþykkir áætlunina fyrir sitt leyti. Samþykkt samhljóða.

**10. Innsent erindi: Safnahúsið á Húsavík – Menningarmiðstöð, fjárhagsáætlun 2018**

Fjárhagsáætlun fyrir safnahúsið á Húsavík 2018, lögð fram.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn samþykkir áætlunina fyrir sitt leyti. Samþykkt samhljóða.

**11. Rekstraráætlun fyrir Héraðsnefnd Þingeyinga 2018**

Rekstraráætlun fyrir Héraðsnefnd Þingeyinga fyrir árið 2018 lögð fram.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn samþykkir áætlunina fyrir sitt leyti. Samþykkt samhljóða.

**12. Innsent erindi: Bréf vegna hálkueyðingar, Aníta Dröfn Reimarsdóttir og Kristbjörn Hallgrímsson, dags. 16. nóvember 2017**

Bréf vegna hálkueyðingar, Aníta Dröfn Reimarsdóttir og Kristbjörn Hallgrímsson, dags. 16. nóvember 2017, ásamt myndum lagt fram. Í bréfinu er lýst áhyggjum vegna ónógra hálkuvarna á lóð leikskólans og bent á að slys geti hlotist af vegna þess.



**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjóra falið að ræða við leikskólastjóra og forstöðumann áhaldahúss.

Samþykkt samhljóða.

**13. Innsent erindi: Æfinga-, keppnissvæði fyrir skotíþróttir, dags. 20. nóvember 2017**

Lagt fram erindi, dags. 20. nóv. sl., frá áhugahópi um skotíþróttir og ósk um viðræður um svæði undir starfseminu.

**Bókun um afgreiðslu:** Erindinu vísað til umhverfis- og skipulagsnefndar og velferðarnefndar til umsagnar.

Samþykkt samhljóða.

**14. Innsent erindi: Beiðni um fjárstuðning við forvarnarstarf SAMAN-hópsins 2017**

Beiðni um styrk við forvarnarstarf Saman-hópsins vegna 2017, lögð fram.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn þakkar erindið en sér sér ekki fært að verða við því.

Samþykkt samhljóða.

**15. Innsent erindi: Aflið, styrkbeiðni dags. 20. nóvember 2017**

Ársskýrsla Afls 2016, samtaka gegn kynferðislegu ofbeldi og beiðni um fjárstyrk vegna 2018 lögð fram.

**Bókun um samþykkt:** Sveitarstjórn samþykkir að styrkja Aflið um kr. 40.000.

Samþykkt samhljóða.

**16. Umboð sveitarstjóra vegna samkomulags um skiptingu lífeyrisskuldbindinga milli fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Langanesbyggðar**

Lagt fram: Umboð til sveitarstjóra vegna samkomulags um skiptingu lífeyrisskuldbindinga milli fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Langanesbyggðar. Einnig eru fram lagðir umræddir samningar.

Til máls tók Elías Pétursson.

**Bókun um samþykkt:** Sveitarstjóra heimilað að undirrita framlagða samninga og umboð þess efnis undirritað að viðstöddum sveitarstjórnarmönnum.

Samþykkt samhljóða.

**17. Skoðun á nýbyggingu íbúða með stofnframlögum til byggingar leiguíbúða**

Fram er lögð til kynningar skýrsla unnin af KPMG er fýsileika þess að sveitarfélagið hafi forgöngu um stofnun leigufélags og þar með aðkomu sveitarfélagsins að byggingu



húsnæðis. Á grundvelli laga um almennar íbúðir og reglugerðar um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfsseignarstofnanir og almennar íbúðir.

Sveitarstjóri tók til máls og sagði að ráðgert væri að taka skýrsluna og niðurstöðu hennar til formlegrar umræðu á næsta fundi sveitarstjórnar. Óskaði sveitarstjóri eftir því að kjörnir fulltrúar sendu fyrirspurnir og ábendingar varðandi skýrsluna á hann og yrði svara leitað hjá skýrsluhöfundum.

### 18. Nýbygging leikskóla, undirbúningsframkvæmdir

Sveitarstjóri fór yfir málið. Óskað var eftir heimild sveitarstjórnar til að hefja undirbúningsframkvæmdir vegna nýbyggingar leikskóla. Um er að ræða gerð akstursleiða að framkvæmdasvæði, reisingu öryggisgirðingar og þess háttar framkvæmdir.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn heimilar ofangreindar undirbúningsframkvæmdir.

Samþykkt með fjórum atkvæðum. Á móti greiddu atkvæði: Björn Guðmundur Björnsson, Steinunn Leósdóttir, Karl Ásberg Steinsson.

### 19. Nýbygging leikskóla

Sveitarstjóri lagði fram drög að teikningum að nýjum leikskóla, kynnti verkefnið og stöðu þess. Ráð er fyrir því gert að byggð verði ein álma, á einni hæð, norðan og austan við núverandi leikskóla. Byggingin verður sambyggð núverandi leikskólabyggingu, sem verður einnig endurnýjuð yst sem innst og samræmd útlitslega við nýbygginguna. Gerð verður ný aðkoma að skólanum frá Miðholti ásamt því að útbúin verða ný bílastæði fyrir starfsmenn. Aðkoma að skólanum vegna þjónustu við skólann verður áfram frá heilsugæslulóð við Fjarðarveg.

Arkitekt verkefnisins hefur verið í samskiptum við starfandi leikskólastjóra, nú síðast með fundi sem haldinn var í tengslum við heimsókn hans norður vegna íbúafundar.

Þá fór sveitarstjóri yfir umræðu og þátttöku bæjarbúa á íbúafundi sem haldinn var vegna málsins ásamt því að ræða grenndarkynningu sem framkvæmd var að fenginni samþykkt sveitarstjórnar. Eigendur allra húseigna sem skilgreindar voru í fyrirmælum um grenndarkynningu gáfu jákvæða umsögn varðandi fyrirhugaða byggingu nýrrar leikskólaálmú.

Sveitarstjóri óskaði heimildar sveitarstjórnar fyrir áframhaldi verkefnisins og þar með talið að framkvæmdir hefjist þegar fullnægjandi gögn liggja fyrir að mati byggingafulltrúa.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn heimilar sveitarstjóra að hefja framkvæmdir að fengnum nauðsynlegum leyfum.

Björn Guðmundur Björnsson bað um fundarhlé kl. 17:30. Samþykkt.



Björn Guðmundur Björnsson vék af fundi kl. 17:35 og Aðalbjörn Arnarsson tók sæti hans á fundinum.

Oddviti setti fund að nýju kl. 17:35.

Samþykkt með fjórum atkvæðum. Á móti greiddu atkvæði: Aðalbjörn Arnarsson, Steinunn Leósdóttir, Karl Ásberg Steinsson.

Til máls tók Karl Ásberg Steinsson og lagði fram svohljóðandi bókun U-listans: Þar sem gögn bárust ekki við liði 18 og 19 eins og talað var um, tekur U-listinn ekki afstöðu.

## 20. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2017 – til kynningar

Fram er lagt yfirlit vegna frávika og viðauka við fjárhagsáætlun 2017.

Til máls tók Elías Pétursson.

**Bókun um afgreiðslu:** Vísað til næsta reglubundna fundar til afgreiðslu.

Samþykkt samhljóða.

## 21. Útsvar í Langanesbyggð 2018

Tillaga er gerð um að útsvar á árinu 2018 verði óbreytt eða 14,52%.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu.

Samþykkt samhljóða.

## 22. Gjaldskrár Langanesbyggðar 2018

Eftirtaldar gjaldskrár fyrir árið 2018 lagðar fram ásamt greinargerð um breytingar. Gjaldskrár hefur verið breytt til samræmis við samhljóða ákvörðun 73. fundar sveitarstjórnar um 3% hækkun.

Til máls tók Elías Pétursson.

a) *Samþykkt um gatnagerðargjöld, stofngjald fráveitu, byggingaleyfisgjald, gjöld vegna skipulagvinnu, afgreiðslu, þjónustugjöld og gjaldskrá vatnsveitu 2018.*

Gjaldskráin borin upp til samþykkt, samþykkt samhljóða.

b) *Álagningarákvæði fasteignagjalda 2018.*

Gjaldskráin borin upp til samþykktar, samþykkt samhljóða.

c) *Gjaldskrá slökkviliðs Langanesbyggðar.*

Gjaldskráin borin upp til samþykktar, samþykkt samhljóða.

d) *Gjaldskrá grunn- og leikskóla Langanesbyggðar.*

Gjaldskráin borin upp til samþykktar, samþykkt samhljóða.

e) *Gjaldskrá og reglur fyrir geymslusvæði í Langanesbyggð.*

Gjaldskráin borin upp til samþykktar, samþykkt samhljóða.



- f) *Reglur og gjaldskrá vegna sorphirðu á gámavöllum.*  
Gjaldskráin borin upp til samþykktar, samþykkt samhljóða.
- g) *Gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Langanesbyggð.*  
Gjaldskráin borin upp til samþykktar, samþykkt samhljóða.
- h) *Gjaldskrá fyrir almenna útleigu á Þórsveri.*  
Gjaldskráin borin upp til samþykktar, samþykkt samhljóða.
- i) *Gjaldskrá fyrir almenna útleigu á húsnæði grunnskólans á Bakkafirði.*  
Gjaldskráin borin upp til samþykktar, samþykkt samhljóða.
- j) *Gjaldskrá fyrir tjaldsvæði á Þórshöfn og á Bakkafirði.*  
Gjaldskráin borin upp til samþykktar, samþykkt samhljóða.

Til máls tóku Karl Ásberg Steinsson, Elías Pétursson.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að birta ofangreindar gjaldskrár. Samþykkt samhljóða.

### 23. Fjárhagsáætlun 2018 – fyrri umræða

Lögð er fram til fyrri umræðu fjárhagsáætlun Langanesbyggðar 2018 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2019 til 2021. Stefnt er að því að halda vinnufund sveitarstjórnar um fjárhagsáætlunina 2. desember n.k. kl. 10.

Til máls tók Elías Pétursson.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun og vísar henni til seinni umræðu.

Samþykkt samhljóða.

### 24. Skýrsla sveitarstjóra

Umsókn vegna framhalds ljósleiðaravæðingar hefur verið send, svar ætti að berast fljótlega. Hvað varðar framgang yfirstandandi verkefnis þá er nú beðið búnaðar sem þarf til að tengja kapal inn í hús, vinnu við lagningu strengs er lokið.

Aðgerðir í hreinsunarmálum hafa skilað talsverðum árangri, en ákveðið var á 70. fundi sveitarstjórnar 21. sept. sl., að fá eigendur til að fjarlægja ónýta bíla og annað sem lýti er að í umhverfinu. Alls voru 38 bílar merktir og 41 gámur. Nú hafa beiðnir og umsóknir um stöðuleyfi fyrir vel á annan tug bíla og gáma verið send til sveitarfélagsins. Næsta skref er að ræða við forsvarsmenn stórra fyrirtækja um aðgerðir og fjarlægja það sem út af stendur og koma til varðveislu áður en því verður fargað.

Framkvæmdir eru hafnar við flutning eldshúss fyrir skólana og mötuneyti grunnskólans úr Veri í Þórsver. Innréttingar í eldhúsi Þórsvers hafa verið teknar niður, byrjað er að undirbúa málningarvinnu. Í næstu viku verður eldhúsgólfíð lagað og í kjölfarið verður





innréttingum komið fyrir að nýju. Því er fát því til fyrirstöðu að nýtt eldhús verið tekið í notkun í byrjun næsta árs og mótuneytið flutt í Þórsver, eins og áætlanir gerðu ráð fyrir.

Gert er ráð fyrir að Hallsteinn Stefánsson taki til starfa um mánaðarmótin við áhaldahúsið í hálfu starfi, en hann er þegar í hálfu starfi við flugvöllinn. Hlutverk Hallsteins hjá áhaldahúsinu, verður aðallega umsjón með gámasvæðinu á Þórshöfn, auk annarra tilfallandi starfa. Hallsteinn hefur verið í þjálfun á flugvöllinum frá því í september, en fer í næstu viku til Reykjavíkur í flughermi og til að taka próf sem AFIS starfsmaður á Þórshafnarflugvelli.

Fundargerðin upplesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:10.